

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**617. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. október 2009
kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

Dagskrá:

1. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Beiðni um umsögn.
2. Bréf Menntamálaráðuneytisins.
3. Bréf Sigríðar Karlsdóttur.
4. Drög að þjónustusamningi við Bæjarhrepp um brunavarnir.
5. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Byggðakvóti.
6. Bréf EBÍ. Tilkynning um ágóðahlutagreiðslu 2009.
7. Fundargerð Fagnefndar með rekstri Skólabúðanna að Reykjum frá 7. okt. sl.
8. Viðræður við fulltrúa Flugleiðahótela ehf.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins en þar er óskað umsagnar á tilteknum atriðum er vinnuhópur um endurskoðun jarða- og ábúðarlaga hefur til skoðunar. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til umsagnar landbúnaðarráðs.
2. Fram lagt til kynningar bréf Menntamálaráðuneytisins þar sem tilkynnt er sú stefnumótun að allur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi verði á íslensku innan þriggja ára. Byggðarráð er reiðubúið að vinna að framgangi þessa máls. Í Grunnskóla Húnaþings vestra eru allar tölvur með stýrikerfi á íslensku.
3. Fram lagt bréf Sigríðar Karlsdóttur þar sem hún bendir á mikilvægi þess að læstar hirslur verði settar upp í búningsklefum íþróttamiðstöðvar. Samþykkt að vísa ábendingunni til skoðunar íþrótt- og tómstundafulltrúa.
4. Fram lögð drög að þjónustusamningi við Bæjarhrepp. Samkvæmt samningnum mun Húnaþing vestra taka að sér brunavarnir í Bæjarhreppi. Samningurinn tekur gildi þann 1. janúar nk. og er til tveggja ára. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
5. Bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins lagt fram en þar er sveitarstjórnunum gefinn kostur á því að sækja um úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2009-2010. Byggðarráð felur sveitarstjóra að sækja um úthlutun byggðakvóta.
6. Bréf Eignahaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands (EBÍ) lagt fram. Í bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu ársins 2009. Samkvæmt tilkynningunni er ágóðahlutur Húnaþings vestra kr. 2.376.000-.
7. Fram lögð fundargerð Fagnefndar með rekstri Skólabúðanna að Reykjum frá 7. október sl. Byggðarráð hafði óskað umsagnar nefndarinnar á ósk Reykjatanga ehf um niðurfellingu eða lækkun ábyrgðartryggingar. Fagnefndin er metur það svo að eins og sakir standa þá muni ekki reyna á umrædda ábyrgðartryggingu gagnvart faglegum forsendum í rekstri skólabúðanna. Vegna þess þáttar leggst fagnefndin ekki gegn því að umrædd ábyrgðartrygging verði tekin til endurskoðunar.
8. Fulltrúar Flugleiðahótela ehf. eru mættir til viðræðna við byggðarráð um áframhaldandi leigu skólahúsnaðisins á Laugarbakka. Byggðarráð samþykkir að leigja

Flugleiðahótelum ehf. húsnaðið sumarið 2010. Byggðarráð er reiðubúið að skoða ósk Flugleiðahótela ehf. um lengri leigutíma ef um semst.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:10

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).